



*Adalheiður Dröfn
Gísladóttir*

Fædd 28. mars 1946

Dáin 31. júlí 2022



*Útför frá Akraneskirkju
þriðjudaginn 9. ágúst 2022*

Forspil
Both Sides Now
Joni Mitchell

Bæn

Ó, Jesús bróðir besti
og barnavinur mesti,
æ, breið þú blessun þína
á barnæskuna mína.

Mér gott barn gef að vera
og góðan ávöxt bera,
en forðast allt hið illa,
svo ei mér náí' að spilla.

Það ætíð sé mín iðja
að elska þig og biðja,
þín lífsins orð að læra
og lofgjörð þér að færa.

Með blíðum barnarómi
mitt bænakvak svo hljómi:
Þitt gott barn gef ég veri
og góðan ávöxt beri.

Páll Jónsson

Ritningarorð

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,
hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyrr naut hugur minn,
er orðin hljómlaus utangátta og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm.

Hjá undri því að líta lítinn fót
í litlum skóm og vita að heimsins grjót,
svo hart og sárt er honum fjarri enn
og heimsins ráð sem brugga vondir menn.

Já, vita eitthvað anda hér á jörð
er ofar standi minni þakkargjörð,
í stundareilíffð eina sumarnótt,
ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt.

Jón Nordal - Halldór Laxness

Ritningarorð







Viltu með mér vaka er blómin sofa
vina mín og ganga suður að tjörn.
Þar í laut við lágan eigum kofa.
Léku við þar okkur saman börn.
Þar við gættum fjár um fólvar nætur
fallegt var þar út við hólinn minn.
Hvort er sem mér sýnist að þú grætur.
Seg mér hví er dapur hugur þinn.

Hví ég græt og burt er æskan bjarta
bernsku minnar dáin sérhver rós.
Það er sárt í sínu unga hjarta
að sjá hve slokkna öll þín skærstu ljós.
Ó hve fegin vildi ég verða aftur
vorsins barn og hérna leika mér.
Nú er lamað þrek mitt, þrotinn kraftur
þunga sorg á herðum mér ég ber.

Hvað þá gráta gamla æsku drauma,
gamla drauma bara ór og tár.
Láttu þrekið þrifa stýristauma.
Það er hægt að kljúfa lífsins ár.
Kemur ekki vor að liðnum vetri?
Vakni ei nýjar rósir sumar hvert?
Voru hinar fyrri fegri betri?
Feld'ei tár en glöð og hugrökk vert.

Þú átt gott þú þekkir ekki sárin,
þekkir ei né skilur hjartans mál.
Þrek er gull en gull eru líka tárin,
guðleg svöln hverri þreyttri sál.
Stundum þeim er þrekið brýnt og kraftur
þögul höfuð féllu tár um kinn.
En sama rósinn sprettur aldrei aftur,
þótt önnur fegri skreyti veginn þinn.

O. Lindblad - Guðmundur Guðmundsson

Guðspjall

Einsöngur

Líttu sérhvert sólarlag
Bragi Valdimar Skúlason

Minningarorð

Einsöngur

Þú átt mig ein
Magnús Þór Sigmundsson - Vilhjálmur Vilhjálmsson

Bæn / Faðir Vor

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum

Moldun



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina	Ég lifi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstud,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristí krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Undir bláhimni

Llyons og Hart - Magnús Kr. Gíslason

Prestur: Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir

Organisti - Harmonikuleikur: Friðrik Vignir Stefánsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirkyju

Einsöngur: Matthías Matthíasson

Útfararþjónusta Akraneskirkyju

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni